



Reglur Skagafjarðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Samkvæmt 25.gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Reglur þessar ná einnig til íbúa Húnabyggðar, Húnaþings vestra og Skagastrandar sbr. samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

1. gr.

Markmið

Markmið reglnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér úti um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- sótt sér menntun
- viðhaldið og aukið við þekkingu og færni
- nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

2. gr.

Orðskýringar

Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.

Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðinu sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.

Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

3. gr.

Hverjir eiga kost á styrk

Einstaklingur sem býr við fötlun og þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar getur sótt um styrk samkvæmt reglum þessum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum.

- Eiga lögheimili í einu af þeim sveitarfélögum sem reglurnar vísa til á meðan þjónustan er veitt.
- Hafa náð 18 ára aldri og eru ekki eldri en 66 ára.
- Hafa varanlega örorku og falla undir markmið laga nr. 38/2018.





4. gr.

Skilyrði sem þarf til að uppfylla til að fá styrk

Skilyrði fyrir styrkveitingu eru að uppfylltum einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

- Styrkur vegna starfsemi sem skapar viðkomandi atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Að fyrir liggi staðfesting á skráningu í nám eða námskeið áður en styrkur er greiddur út.
- Að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.
- Að sýnt sé fram á að aðstoð sé einstaklingsbundin en renni ekki til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður hans lýsi því yfir að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir t.d. í sjóði stéttarfélaga, lögbundin framlög vegna hjálpartækja og lánshæft nám. Taka skal tillit til takmarkana á möguleikum umsækjanda til að stunda fullt námshæft nám vegna fötlunar.

5. gr.

Umsóknarferli

Auglýst er eftir umsóknum um styrki einu sinni á ári á heimasíðu sveitarfélaganna og í staðarblöðum. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og hvert skal leita eftir eyðublöðum og upplýsingum. Hægt er að sækja um styrkinn í september og er umsóknum úthlutað í október ár hvert. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Skagafjarðar. Starfsmenn geta aðstoðað umsækjanda við að sækja um. Starfsmenn veita umsækjanda jafnframt upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar.

6.gr.

Fylgigögn umsóknar

Umsóknum skal fylgja upplýsingar frá umsækjanda og/eða fagaðilum þar sem fram kemur mat á gagnsemi styrkveitingar fyrir umsækjanda. Önnur fylgigögn taka mið af tegund styrks sem sótt er um og þurfa að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Styrkur vegna náms:

- Námsvottorð. Staðfesting frá skóla um skráningu í nám.
- Frumrit af kvittun fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum.

Styrkur vegna verkfæra- og tækjakaupa:

- Frumrit af kvittun fyrir verkfæra- og tækjakaupum.

7. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt á öruggan hátt.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.





Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Skagafjarðar sem aðgengileg er á vefsíðu sveitarfélagsins.





8. gr.

Úthlutun styrkja

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- Heildarfjárhæð til úthlutunar og greiðsluviðmið er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs, aldrei er greitt meira en tiltekinn hundradhluti af útlögðum kostnaði og allt að tiltekinni hámarksfjárhæð á ári.
- Úthlutað er einu sinni á ári á grundvelli auglýsinga.
- Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings oftari en á tveggja ára fresti.
- Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggi staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
- Komi til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsraða umsóknum eða lækka styrkuppþæð til hvers og eins.

9. gr.

Afgreiðsla styrkja

Styrkur er greiddur inn á bankareikning viðkomandi umsækjanda samkvæmt framlagðri staðfestingu eða kvittun fyrir greiðslu á námi og/eða tækjum. Leiðbeiningar um hvar færa skuli styrkuppþæð á skattframtali skulu fylgja.

Réttur til úthlutunar fellur niður sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað.

10. gr.

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Umsóknir eru afgreiddar af fagteymi félagsþjónustu sem tekur ákvörðun um úthlutun styrkja. Teyminu er heimilt að afgreiða umsóknir utan auglýsts umsóknarfrests ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi. Allir umsækjendur skulu fá skrifleg svör innan tveggja vikna frá ákvörðun.

11. gr.

Endurkröfur

Skagafjörður áskilur sér rétt til að endurkrefja styrkhafa um styrk sem veittur hefur verið á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi styrkþega eða ef styrkur er nýttur í anað en umsókn gerir ráð fyrir.

Ef sannreynt er við vinnslu umsóknar að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast meðferð umsóknarinnar og kemur hún þá ekki til afgreiðslu.

12. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til Félagsmála- og tómsbundanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Nefndin skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.





Umsækjandi getur skotið ákvörðun Félagsmála- og tómsbundanefndar til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Félagsmála- og tómsbundanefndar.

13. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Fjölskyldusviðs Skagafjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

14. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 25.gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og með hliðsjón af leiðbeinandi reglum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Reglur þessar öðlast gildi með samþykki sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Samþykkt í sveitarstjórn Húnabyggðar 8. júlí 2025

Samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra 12. júní 2025

Samþykkt í sveitarstjórn Skagastrandar 20. júní 2025

Samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar 17. september 2025





